

Tillaga um rammaskipulag miðbæjar Kópavogs

Bæjarstjórn samþykkir að hefja undirbúning að rammahluta aðalskipulags fyrir miðbæ Kópavogs. Svæðið afmarkast af Borgarholti til vesturs, Vallartröð til austurs, Digranesvegi og Borgarholtsbraut til suðurs og Hamraborg til norðurs. Markmiðið er að festa heildarsýn og tengingar fyrir miðbæjarsvæði Kópavogs í sessi í samráði við íbúa og aðra hagaðila.

Greinargerð

„Það er stórt samfélagsmál að vanda til verka við mótun bæjarrýma sem eiga eftir að standa í langan tíma og verða umhverfi núverandi og komandi kynslóða í leik og starfi. Það er von mín að þessar leiðbeiningar nýtist til að stuðla að gæðum við skipulag, hönnun og uppbyggingu – hvar sem er á landinu“ segir forstjóri Skipulagsstofnunar í formála leiðbeininga um sjálfbært skipulag sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. Kópavogur, og Skipulagsstofnun gáfu út nýverið. Í ritinu **Mannlíf, byggð og bæjarrými** er að finna skýra faglega leiðsögn varðandi landnotkun, þéttleika og gæði byggðar, vistvænar samgöngur og almenningsrými og græn svæði.

Til þess að hægt sé að líta á skipulag sem samfélagssáttmála þarf samfélagið að koma að mótun þess. Þess vegna eru margvísleg ákvæði um samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í skipulagslögum. Eðlilega hafa íbúar og hagsmunaaðilar ólíkar þarfir og sjónarmið en það er á ábyrgð bæjarstjórnar að hlusta eftir þeim og miðla málum eftir því sem hægt er. Á endanum þarf síðan að taka af skarið en mikilvægt að þeir sem þurfa að setta sig við skarðan hlut finni að það sé vegna ígrundaðrar málamiðlunar, með heildarhagsmuni að leiðarljósi.

Miðbæir hafa sérstöðu og í miðbæ Kópavogi setja Kópavogskirkja og menningarhúsin glæsilegt svipmót á svæðið. Samgöngumiðstöð á eftir að styrkjast í sessi með Borgarlínu en miðbærinn er þegar orðin kröftugur kjarni á höfuðborgarsvæðinu í þétu samspili íbúðabyggðar, þjónustu og verslana.

Mannvirkjagerð á svæðinu hefur verulegar afleiðingar fyrir þá sem þegar eru þar búsettir eða starfandi. Fjöldi aldraðra og fatlaðra býr þar og nýtur þjónustu. Það er sérstaklega mikilvægt að hafa samráð við þessa aðila sem fyrst og á mótunarstigi rammaskipulagsins. Þarfir þeirra og sjónarmið þurfa að koma skýrt til ljós þannig að bæjaryfirvöld geti fundið leiðir og útfærslur til að setta sjónarmið.

Rammaskipulag þarf m.a. að fela í sér:

1. Mótun aðgengilegra og sólríkra almenningsrýma í miðbæ, í nánú samhengi við kjarnastöð almenningsgangna, með verslunum og annarri þjónustu sem gagnast farþegum og íbúum nærsvæða.
2. Mótun greiðra tengingar fyrir virka fararmáta
3. Mótun nánari stefnu um íbúðabyggð og atvinnuhúsnaði þ.m.t. yfirbragð, tegundir starfsemi, aðgengi og almenningsrými
4. Mótun stefnu um gæði byggðarinnar og samspil ólíkra fararmáta

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 25. maí 2021 að hefja skipulagsvinnu á miðbæjarsvæðinu að Borgarholti til vesturs. Nú liggja fyrir faglegar leiðbeiningar um gerð sjálfbærs skipulags og nýjar áherslur hafa fengið hljómgrunn í almenningssamgöngum og skipulagi fyrir gangandi og hjólandi. Gildi fjölbreytts gróðurs og grænna svæði er viðurkennt, ekki aðeins til að fegra borgarumhverfið og efla seiglu gagnvart loftslagsbreytingum heldur einnig vegna jákvæðra áhrifa á lýðheilsu og líffræðilega fjölbreytni. Aðgengi og fullnægjandi pláss er áskorun sem þarf að taka tillit til á öllum stigum skipulags, undirbúnings og hönnunar. Skipulagssérfræðingar Alta hafa skilað forsendugreiningu fyrir miðbæ Kópavogs og töluverð reynsla hefur skapast í endurnýjun byggðar á þróunarsvæðum. Bæjaryfirvöldum er því ekkert að vanbúnaði að ljúka þeirri vinnu að heildarsýn fyrir miðbæ Kópavogs sem ákveðin var í maí 2021 og íbúar eiga skilið að sjá skipulag miðbæjarins í heildarsamhengi en ekki í bútum.

Bergljót Kristinsdóttir

Helga Jónsdóttir

Kolbeinn Reginsson

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Theodóra S. Þorsteinsdóttir